

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1636/1999

frá 26. júlí 1999

um að leyfa ný aukefni í fódri og nýjar notkunarleiðir fyrir þau

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1411/1999 ⁽²⁾, einkum 9. gr. j og 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að heimilt sé að leyfa ný aukefni eða nýja notkun aukefna með hliðsjón af framförum á sviði vísinda og tækni.
- 2) Samkvæmt tilskipun ráðsins 93/113/EB frá 14. desember 1993 um notkun og markaðssetningu ensíma, örvera og blandna þeirra í dýrafæðu ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 97/40/EB ⁽⁴⁾, er aðildarríkjunum heimilt, þrátt fyrir ákvæði tilskipunar 70/524/EBE, að leyfa til bráðabirgða notkun og markaðssetningu ensíma, örvera og blandna þeirra.
- 3) Heimilt er að leyfa ný aukefni eða nýja notkun aukefna til bráðabirgða ef efnin, í því magni sem þau eru leyfileg í fódri, hafa hvorki skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra eða á umhverfið né skaða neytendur með því að breyta eiginleikum búfjárafurða, ef unnt er að ganga úr skugga um tilvist þeirra í fódri og telja má með réttu, með hliðsjón af fyrirbyggjandi niðurstöðum, að þau hafi hagstæð áhrif á eiginleika fódursins eða á búfjárframleiðslu þegar þeim er blandað í það.
- 4) Ákvæðin í tilskipun ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ⁽⁵⁾ og viðkomandi sértilskipunum, einkum tilskipun ráðsins

90/679/EBE frá 26. nóvember 1990 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifa-valda á vinnustöðum ⁽⁶⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 97/65/EB ⁽⁷⁾, gilda að fullu að því er varðar starfsmenn sem meðhöndla aukefni í fódri.

- 5) Athugun tækniskjalanna, sem aðildarríkin lögðu fram í samræmi við 3. gr. tilskipunar 93/113/EB, bendir til þess að unnt sé að leyfa til bráðabirgða tiltekinn fjölda efnablandna sem tilheyra flokkum ensíma og örvera.
- 6) Vísindanefndin um fódur hefur sent frá sér jákvætt álit um skaðleysi þessara efnablandna.
- 7) Ráðstafanimar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fódur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heimilt er, samkvæmt tilskipun 70/524/EBE, að leyfa efnablöndurnar, sem tilheyra flokknum „ensím“ og taldar eru upp í I. viðauka við þessa reglugerð, sem aukefni í fódri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í sama viðauka.

2. gr.

Heimilt er, samkvæmt tilskipun 70/524/EBE, að leyfa efnablönduna, sem tilheyrir flokknum „ensím“ og tilgreind er í II. viðauka við þessa reglugerð, sem aukefni í fódri samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í sama viðauka.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. júlí 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjútíð. EB L 164, 30.6.1999, bls. 56.

⁽³⁾ Stjútíð. EB L 334, 31.12.1993, bls. 27.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB L 180, 9.7.1997, bls. 21.

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjútíð. EB L 374, 31.12.1990, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjútíð. EB L 335, 6.12.1997, bls. 17.

I. VIÐAUKI

Nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
					Virknieiningar á kílógramm heilfóðurs			
34	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6 Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8 Alfa-amýlasi EC 3.2.1.1	Efnablanda endó-1,3(4)-beta-glúkanasa og endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddir með <i>Aspergillus niger</i> (NRRL 25541), og efnablanda alfa-amýlasi, framleiddur með <i>Aspergillus oryzae</i> (ATCC 66 222), með virkni að lágmarki: Endó-1,3 (4)-beta-glúkanasi: 275 U/g ⁽¹⁾ Endó-1,4-beta-xýlanasi: 400 U/g ⁽²⁾ Alfa-amýlasi: 3 100 U/g ⁽³⁾	Mjólkurgrísir	4 mánuðir	Endó-1,3 (4)-beta-glúkanasi: 165 U Endó-1,4-beta-xýlanasi: 240 U Alfa-amýlasi: 1 860 U	— — —	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggglun. 2. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 165 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 240 U alfa-amýlasi: 1 860 U 3. Til nota í fôðurlöndur sem innihalda korn sem er auðugt að sterkju og öðrum fjölsykrum (einkum arabínoxýlönnum og beta-glúkönnum), t.d. þær sem innihalda meira en 45% bygg og 10% hveiti eða 10% maís.	30.9.1999
35	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6 Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8	Efnablanda endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATCC 2106), og endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATCC 2105), með virkni að lágmarki: Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 80 U/g ⁽⁴⁾ Endó-1,4-beta-xýlanasi: 180 U/g ⁽⁵⁾	Varp-hænur	—	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 80 U Endó-1,4-beta-xýlanasi: 180 U	— —	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggglun. 2. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 80 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 180 U 3. Til nota í fôðurlöndur auðugar að fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkönnum og arabínoxýlönnum), t.d. þær sem innihalda yfir 60% bygg.	30.9.1999

Nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
					Virknieiningar á kílógramm heilfóðurs			
36	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6 Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8	Efnablanda endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATTC 2106), og endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (IMI SD 135), með virkni að lágmarki: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 300 U/g ⁽⁶⁾ endó-1,4-beta-xýlanasi: 300 U/g ⁽⁷⁾	Eldis- kjúklingar	—	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi 300 U Endó-1,4-beta-xýlanasi: 300 U	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglnun. 2. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 300 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 300 U 3. Til nota í fóðurlöndur auðugar að fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkönnum og arabínoxýlönnum), t.d. þær sem innihalda yfir 40% bygg.	30.9.1999
			Varp- hænur	—	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 300 U Endó-1,4-beta-xýlanasi: 300 U	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglnun. 2. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 300 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 300 U 3. Til nota í fóðurlöndur auðugar að fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkönnum og arabínoxýlönnum), t.d. þær sem innihalda yfir 35% bygg.	30.9.1999

Nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
					Virkneiningar á kílógramm heilfóðurs			
37	Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8 Súbtílisín EC 3.4.21.62	Efnablanda endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATCC 2105), og súbtílisíns, framleitt með <i>Bacillus subtilis</i> (ATCC 2107), með virkni að lágmarki: Endó-1,4-beta-xýlanasi: 2 500 U/g ⁽⁸⁾ Súbtílisín: 800 U/g ⁽⁹⁾	Eldis- kjúklingar	—	Endó-1,4- beta-xýl- anasi: 500 U Súbtílisín: 160 U	—	<ol style="list-style-type: none"> Í notkunarleiðbeiningum með aukefnum og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggulun. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: endó-1,4-beta-xýlanasi: 500-2 500 U súbtílisín: 160-800 U Til nota í fóðurböndur, t.d. þær sem innihalda yfir 65% hveiti. 	30.9.1999
			Kalkúnar	—	Endó-1,4- beta-xýl- anasi: 825 U Súbtílisín: 265 U	—	<ol style="list-style-type: none"> Í notkunarleiðbeiningum með aukefnum og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggulun. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: endó-1,4-beta-xýlanasi: 825-2 500 U súbtílisín: 265-800 U Til nota í fóðurböndur, t.d. þær sem innihalda yfir 45% hveiti. 	30.9.1999

Nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
					Virkniseiningar á kílógramm heilfóðurs			
38	Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8 Súbtílisín EC 3.4.21.62.	Efnablanda endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATCC 2105), og súbtílisíns, framleitt með <i>Bacillus subtilis</i> (ATCC 2107), með virkni að lágmarki: Endó-1,4-beta-xýlanasi: 5 000 U/g ⁽¹⁰⁾ Súbtílisín: 500 U/g ⁽¹¹⁾	Mjólkurgrísir	4 mánuðir	Endó-1,4-beta-xýlanasi: 5 000 U Súbtílisín: 500 U	— —	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: endó-1,4-beta-xýlanasi: 5 000 U súbtílisín: 500 U 3. Til nota í fôðurlöndur, t.d. þær sem innihalda yfir 40% hveiti.	30.9.1999
39	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6 Endó-1,4-beta-xýlanasi: EC 3.2.1.8	Efnablanda endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATCC 2106), og endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATCC 2105), með virkni að lágmarki: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 400 U/g ⁽¹²⁾ endó-1,4-beta-xýlanasi: 400 U/g ⁽¹³⁾	Eldissvín	—	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 400 U Endó-1,4-beta-xýlanasi: 400 U	— —	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 400 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 400 U 3. Til nota í fôðurlöndur auðugar að fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkónum og arabínoxýlönnum), t.d. þær sem innihalda yfir 65% bygg.	30.9.1999

Nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
					Virkni-einingar á kílógramm heilfóðurs			
40	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6 Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8 Súbtílisín EC 3.4.21.62	Efnablanda endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATCC 2106), endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATCC 2105), og súbtílisíns, framleitt með <i>Bacillus subtilis</i> (ATCC 2107), með virkni að lágmarki: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 100 U/g ⁽¹⁴⁾ endó-1,4-beta-xýlanasi: 300 U/g ⁽¹⁵⁾ súbtílisín: 800 U/g ⁽¹⁶⁾	Eldis-kjúklingar	—	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 30 U Endó-1,4-beta-xýlanasi: 90 U Súbtílisín: 240 U	— — —	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 30-100 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 90-300 U súbtílisín: 240-800 U 3. Til nota í fódurblöndur, t.d. þær sem innihalda meira en 60% bygg.	30.9.1999
41	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6 Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8 Súbtílisín EC 3.4.21.62	Efnablanda endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATCC 2106), endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATCC 2105), og súbtílisíns, framleitt með <i>Bacillus subtilis</i> (ATCC 2107), með virkni að lágmarki: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 100 U/g ⁽¹⁷⁾ endó-1,4-beta-xýlanasi: 2 500 U/g ⁽¹⁸⁾ súbtílisín: 800 U/g ⁽¹⁹⁾	Eldis-kjúklingar	—	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 25 U Endó-1,4-beta-xýlanasi: 625 U Súbtílisín: 200 U	— — —	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 25-100 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 625-2 500 U súbtílisín: 200-800 U 3. Til nota í fódurblöndur, t.d. þær sem innihalda meira en 30% hveiti og 10% bygg.	30.9.1999

Nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
					Virkni- einingar á kílógramm heilfóðurs			
			Varphænur	—	Endó- 1,3(4)- beta- glúkanasi: 100 U Endó-1,4- beta- xýlanasi: 2 500 U Súbtílisín: 800 U	— —	<ol style="list-style-type: none"> Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 100 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 2 500 U súbtílisín: 800 U Til nota í fôðurlöndur, t.d. þær sem innihalda meira en 50% hveiti og 25% bygg. 	30.9.1999
42	Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8	Efnablanda endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (IMI SD 135), með virkni að lágmarki: Fast form: 4 000 U/g ⁽²⁰⁾ Eiginleikar leyfðu efna-blöndunnar: endó-1,4-beta-xýlanasi: 1,99% hveiti: 97,7% kalsíumprópiónat: 0,3% lesitín: 0,01%	Mjólkur-grísir	4 mánuðir	4 000 U	—	<ol style="list-style-type: none"> Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: 4 000 U Til nota í fôðurlöndur auðugar að fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum arabínoxýlönun), t.d. þær sem innihalda meira en 60% hveiti. 	30.9.1999

- (1) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (glúkósjafngilda) á mínútu úr beta-glúkani úr höfnum við pH 4,0 og 30 °C.
- (2) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (glúkósjafngilda) á mínútu úr xýlani úr höfnum við pH 4,0 og 30 °C.
- (3) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (glúkósjafngilda) á mínútu úr hvetistærkju við pH 4,0 og 30 °C.
- (4) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (glúkósjafngilda) á mínútu úr beta-glúkani úr byggi við pH 5,0 og 30 °C.
- (5) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (xýlósjafngilda) á mínútu úr xýlani úr hafrahismi við pH 5,3 og 50 °C.
- (6) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (glúkósjafngilda) á mínútu úr beta-glúkani úr byggi við pH 5,0 og 30 °C.
- (7) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (xýlósjafngilda) á mínútu úr xýlani úr hafrahismi við pH 5,3 og 50 °C.
- (8) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (xýlósjafngilda) á mínútu úr xýlani úr hafrahismi við pH 5,3 og 50 °C.
- (9) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrógramm fenólsambands (týrósinjafngilda) á mínútu úr kaseíni við pH 7,5 og 40 °C.
- (10) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (xýlósjafngilda) á mínútu úr xýlani úr hafrahismi við pH 5,3 og 50 °C.
- (11) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrógramm fenólsambands (týrósinjafngilda) á mínútu úr kaseíni við pH 7,5 og 40 °C.
- (12) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (glúkósjafngilda) á mínútu úr beta-glúkani úr byggi við pH 5,0 og 30 °C.
- (13) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (xýlósjafngilda) á mínútu úr xýlani úr hafrahismi við pH 5,3 og 50 °C.
- (14) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (glúkósjafngilda) á mínútu úr beta-glúkani úr byggi við pH 5,0 og 30 °C.
- (15) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrógramm fenólsambands (týrósinjafngilda) á mínútu úr xýlani úr hafrahismi við pH 5,3 og 50 °C.
- (16) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrógramm fenólsambands (týrósinjafngilda) á mínútu úr kaseíni við pH 7,5 og 40 °C.
- (17) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (glúkósjafngilda) á mínútu úr beta-glúkani úr byggi við pH 5,0 og 30 °C.
- (18) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (xýlósjafngilda) á mínútu úr xýlani úr hafrahismi við pH 5,3 og 50 °C.
- (19) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrógramm fenólsambands (týrósinjafngilda) á mínútu úr kaseíni við pH 7,5 og 40 °C.
- (20) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (xýlósjafngilda) á mínútu úr xýlani úr hafrahismi við pH 5,3 og 50 °C.

II. VIÐAUKI

Nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
					CFU/kg heilfóðurs			
13	<i>Enterococcus faecium</i> DSM 10 663 NCIMB 10 415	Efnablanda <i>Enterococcus faecium</i> sem inniheldur að lágmarki: Duft og kornað form: $3,5 \times 10^{10}$ CFU/g aukefnis Hjúpað form: $2,0 \times 10^{10}$ CFU/g aukefnis Fljótandi form: 1×10^{10} CFU/ml aukefnis	Kálfar	6 mánuðir	1×10^9	1×10^{10}	Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggglun.	30.9.1999
			Eldiskjúklingar	—	1×10^9	1×10^{10}	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggglun. 2. Má nota í fôðurlöndur sem innihalda hin leyfðu hníslalyf: amprólíum, amprólíum-etópabat, arprínósíð, dekokínat, díklasúríl, dínítólmið, halófúgínón, lasalós-íðnatríum, madúramísínammóníum, metklórþindól/metylbensókat, natríummónensín, narasín, níkarbarín, róbenidín, natríumsalínómýsín.	30.9.1999